

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Ísfélag Vestmannaeyja hf., kt. 660169-1219, til að reka fiskimjölsverksmiðju í Krossanesi, Akureyri.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Hraðfrystistöð Þórshafnar hf., kt. 630169-2759, til að reka fiskimjölsverksmiðju á Þórshöfn.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir SR-mjöl hf., kt. 560793-2219, til að reka fiskimjölsverksmiðju á Siglufirði.

Starfsleyfin eru gefin út í samræmi við 6. gr. í I. kafla nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfin öðlast gildi þegar útgáfa þeirra er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gilda til 1. febrúar 2014.

*Hollustuvernd ríkisins, 18. október 2002.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

*Helgi Jenson forstöðumaður.*

## REGLUGERÐ

### um brottfellingu reglugerðar og reglna á sviði almannatrygginga.

#### 1. gr.

Eftirtalin reglugerð er felld brott:

Reglugerð nr. 296/1998 um greiðslur í fæðingarorlofi, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Eftirtaldar reglur eru felldar brott:

Reglur nr. 341/1992 um úthlutun örorkustyrkja. Frá sama tíma falla úr gildi óbirtar reglur tryggingaráðs dagsettar 17. september 1999 um afgreiðslu barnalífeyris með örorkustyrk, sem settar voru með stöð í reglum nr. 341/1992.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stöð í 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað. Ákvæði 1. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2003.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. október 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*